



FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS


SKÓGRÆKT Á LYNGMÓUM

Lýsing á lyngmóum:

Lyngmóar eru mjög algeng gróðurlendi á þurrlandi. Ríkjandi tegundir í lyngmóum geta verið krækilyng, beitilyng, sortulyng og rjúpnalauf (holtasóley).

Lyngmóar eru misjafnir að frjósemi. Skipta má þeim í tvo flokka sem eru mjög ólíkir hvað varðar frjósemi og aðra þætti sem hafa áhrif á vöxt og viðgang trjáplantna.

1. Lynglendi: Jarðvegslagið er mjög þunnt og grjót því algengt á yfirborði. Lyngið er lágvaxið og gisið og gróðurlausir blettir algengir. Gróðurþekjan getur verið afar breytileg og þegar hún er orðin minni en helmingur er lynglendi oft kallað melur. Lynglendið er frekar slétt og þær ójöfnur sem eru á yfirborðinu mótast af grjótinu sem stendur upp úr gróðrinum.



Lynglendi

Lyngmói

PERMAN

**Hitaveita
Reykjavíkur**

Oftast er svarðlagið eða mosalagið þunnt. Fyrir kemur að grámosi blandast lynglendinu og í þeim tilvikum er svarðlagið þykkara eða sem nemur þykkt mosans. Vegna þess að svarðlagið er þunnt verður jarðvegur fljótt frostlaus og jarðvegshiti nokkuð hár. Aftur á móti er jarðvegur lynglendisins afar snauður og vatnsheldni lítil. Holklakamyndun er töluverð á ógrónum blettum.


Lynglendi er oft og tíðum frumgróðurlendi á svæðum sem hafa orðið fyrir barðinu á jarðvegseyðingu. Þess vegna getur lynglendi verið töluvert misjafnt að frjósemi allt eftir því hvernig gróskan var áður en gróður og jarðvegur skolaðist í burtu. Því geta lynglendishlíðar sem líta út fyrir að vera afar rýrar gefið góðan trjávöxt hjá tegundum sem þola vel mikinn þurrk eins og lerki og furur.

2. Lyngmói: Dæmigert mólendi með þykkum fokjarðvegi. Þekja gróðurs er oftast mikil, en þar sem beit hefur verið mikil eru rofblettir inn á milli með hreinni fokmold. Á sléttlendi eru lyngmóar oft þýfðir. Mosi er oft mikill í sverði og einangrar fokmoldina. Þetta hefur í för með sér að fokmoldin er köld og frost fer seint úr jörðu. Vatnsheldni jarðvegsins er nokkuð góð en mikill skortur getur verið á næringarefnum eins og fosfór. Frjósemin er samt afar misjöfn en lyngmóabrekkur geta verið nokkuð frjósamir en flatir lyngmóar eru oft rýrari.

Gróðursetning og ræktun:

1. Á lynglendi:

Á lynglendinu eru það þurrkur, skjólleysi og næringarskortur sem hrjá mest nýgróðursettar plöntur. Að auki er frostlyfting vandamál. Kostur við lynglendið er að klaki fer þar fljótt úr jörðu og jarðvegshiti verður hár. Til þess að ná árangri í ræktun á lynglendi er gott að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:




- veljið trjátegundir sem þola vel þurrkan og næringarsnaudan jarðveg
- veljið plöntur sem eru lágvaxnar en með sveran rótarháls
- veljið gróðursetningarstaði sem liggja lágt og/eða gefa gott skjól, s.s. bak við steina

- forðist að gróðursetja í bletti sem eru ógrónir því að þar er hættu á að plönturnar lyftist upp með holklakanum á veturna
- berið örlítinn áburð (10 g) á plönturnar um leið og þið gróðursetjið
- best er að gróðursetja með því að grafa holu og blanda búfjáráburði saman við jarðveginn þar sem hægt er að koma því við vegna grjóts.

2. Í lyngmóa:

Í lyngmóanum eru það næringarskortur og jarðvegskuldi sem hrjá plönturnar einna mest. Hætta á frostlyftingu plantna er líka afar mikil á stöðum þar sem gróður skýlir ekki fokjarðveginum.

- veljið trjátegundir sem þola kaldan og þungan fokjarðvegin
- veljið plöntur sem eru frekar lágvaxnar og með sveran rótarháls
- veljið gróðursetningarstaði sem liggja lágt og/eða gefa gott skjól
- reytið eða skafið í burtu mosa og gróður á 30 x 30 cm flekki til að jarðvegurinn nái að hitna
- berið áburð (10 g) á plönturnar um leið og þið gróðursetjið
- best er að gróðursetja með því að grafa holu og blanda búfjáráburði saman við jarðveginn.




Val trjátegunda:

1. Á lynglendi:

Helstu trjátegundir sem hægt er að planta á lynglendi eru:

- rússa- og síberíulerki: Lerkið er mjög fljótt að ná góðum vexti sem er líklega tengt lífilli samkeppni frá öðrum gróðri og háum jarðvegshita
- stafafura: Hún vex vel á lynglendi þar sem skjól er gott og úrkoma töluverð
- kjarr- og sitkaelri: Þessar tegundir virðast þrífast vel þar sem lyngið er gisið
- birki: Það getur þrífist sæmilega en vex hægt og þarf áburðargjöf til þess að ná þroska
- bergfura og fjallafura: Þessar náskyldu tegundir þrífast ágætlega á lynglendi en vaxa hægt.

Úrkomumeiri landsvæði,
s.s. Suður- og Vesturland



2. Í lyngmóa:

Helstu trjátæundir sem hægt er að planta í lyngmóa eru:

- stafafura: Hún virðist þola einna best þungan og kaldan jarðveginn en þarf áburð meðan hún er að koma sér fyrir.
- birki: Vex ágætlega ef það fær áburð í byrjun.
- sitkagreni, blágreni: Þar sem úrkoma er mikil er hægt að rækta þessar grenitegundir í lyngmóabrekkum. Með áburðargjöf er mögulegt að rækta greni á flötum lyngmóa en vöxturinn verður ekki mikill og fyrstu árin erfið.
- rússa- og síberíulærki: Á Norður- og Austurlandi þar sem lyngmóar þorna yfir sumarið og jarðvegurinn er súrefnisríkari og léttari getur lærki náð góðum þroska í lyngmóum.



ISSN 1605-5020

